




16. júní 2010
SI-63948


Nefndasvið Alþingis
nefnadasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dagsettu 14. júní 2010, sem barst í tölvupósti sama dag, óskaði efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um tekjuskatt (skattalega meðferð á eftirgjöf skulda), 659. mál.

Seðlabankinn telur frumvarpið styðja við nauðsynlega endurskipulagningu skulda einkaaðila með því að tryggja skýrari löggjöf um meðferð eftirgjafar skulda til handa einstaklingum, lögaðilum og aðilum í sjálfstæðum atvinnurekstri. Frumvarpið hvetur um leið til þess að endurskipulagningin eigi sér stað sem fyrst þar sem um bráðabirgðaákvæði er að ræða og er það til þess fallið að styðja við efnahagsbata. Erfitt er að meta áhrif frumvarpsins á rekstur ríkissjóðs en líklegt má telja að í mörgum tilvikum hefðu heimtur orðið litlar af kröfum á hendur einkaaðilum vegna eftirgjafar skulda í tengslum við nauðsynlega endurskipulagningu á efnahagi þeirra. Hins vegar er ljóst að skilvirkari endurskipulagning á skuldum einkaaðila er til þess fallin að flýta efnahagsbata, skjóta styrkari stöðum undir fjármálakerfið og styrkja stöðu ríkissjóðs.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson
seðlabankastjóri


Rannveig Sigurðardóttir
staðgengill aðalhaffræðings